

Ed.

92. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á snjóbíl.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að nota allt að 10 þús. kr. af landsfje nú í ár til að kaupa og láta gera tilraunir með snjóbíl, bæði á vegleysum og snjó, til að fá örugga reynslu um, hvort þetta flutningatæki getur komið hjer að notum.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum fullgerði rússneskur hugvitsmaður, er heima á í Frakklandi, bifreið, sem getur farið um vegleysur, sanda, snjóbreiður og upp brattar brekkur, sem ófærar eru öðrum bifreiðum. Frakkar hafa í bifreiðum þessum farið yfir Sahara-eyðimörkina þvera og endilanga, yfir þvera Mið-Afriku, og nú síðast frá Kaspíhafinu og austur að Indus. Stærsta bílaverksmiðja Frakklands, Citroën, gerir bíla þessa. Hún hefir útibú í Khöfn, og væri einn slíkur bíll fljótfenginn þaðan. Margt bendir til, að þessi bifreið gæti komið að miklu haldi í snjóahjeruðum landsins, til vetrarflutninga, og til sumarferða um rudda vegi, sem þó eru ófærir venjulegum bifreiðum.